

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

613. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 21. september 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Reykjahöfða ehf.
2. Erindi Flugleiðahótela ehf.
3. Landskipti jarðarinnar Syðri-Þverár í Húnaþingi vestra. Bréf lögmanna málsaðila.
4. Útskrift úr bókhaldi m.v. 31. ágúst 2009. Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.
5. Tillaga að skipulagi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2010.
6. Viðbygging verknámshúss FNV.
7. Fundur með Fjárlaganefnd Alþingis þann 30. september nk.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Reykjahöfða ehf. eru mætt til viðræðna við byggðarráð. Í stjórn félagsins eru Eyrún Ingadóttir, Skúli Þórðarson og Þorvaldur Böðvarsson og sátu þau öll fundinn ásamt verkefnisstjóra, Valgerði Bjarnadóttur. Greint var frá starfi félagsins á síðustu misserum og hugmyndum stjórnar og verkefnisstjóra um framtíðarnýtingu skólahúsnæðisins á Laugarbakka.
2. Í framhaldi af ósk Flugleiðahótela ehf. um áframhaldandi leigu skólahúsnæðisins á Laugarbakka sumarið 2010 samþykkir byggðarráð að óska eftir viðræðum við fulltrúa Flugleiðahótela ehf.
3. Fram lögð bréf lögmanna eigenda Syðri-Þverár í Húnaþingi vestra. Óskað er staðfestingar sveitarstjórnar á landskiptum jarðarinnar. Byggðarráð samþykkir að vísa málinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
4. Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri lagði fram útskrift úr bókhaldi m.v. 31. ágúst sl. Byggðarráð fór yfir einstaka liði rekstrarins.
5. Fram lögð tillaga að skipulagi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2010.
6. Byggðarráð samþykkir að Húnaþing vestra taki þátt í viðbyggingu verknámshúss FNV á Sauðárkróki sbr. gögn sem framlögð voru á fundi byggðarráðs þann 7. september sl.
7. Byggðarráð fór yfir áhersluatriði vegna fundar með Fjárlaganefnd Alþingis þann 30. september nk.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Fram lögð tillaga frá Oddi Sigurðarsyni að auglýsingu um umferð í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að vísa tillögunni til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs. Tillagan er eftirfarandi:

Tillaga frá Oddi Sigurðarsyni að
auglýsingu um umferð í Húnaþingi vestra

Hvammstangi

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar í Húnaþingi vestra eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hvammstanga:

1. Aðalbrautarréttur stöðvunarskylda og annar umferðarréttur
 - a. Umferð um Hvammstangabraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum
 - b. Umferð um Brekkugötu hefur forgang á aðliggjandi götur nema Ásbraut og Hvammstangabraut.
 - c. Umferð um Lækjargötu hefur forgang á aðliggjandi götur nema Brekkugötu Garðaveg og Hvammstangabraut.
 - d. Umferð um Höfðabraut hefur forgang á aðliggjandi götur nema Brekkugötu og Lækjargötu
 - e. Umferð um Norðurbraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum
 - f. Umferð um Hlíðarveg hefur forgang á aðliggjandi götur nema Norðurbraut.
 - g. Umferð um Hvammaveg hefur forgang á aðliggjandi götur nema Norðurbraut
 - h. Umferð um Miðtún hefur forgang á aðliggjandi götur nema Norðurbraut
 - i. Umferð um Spítalastíg hefur forgang á umferð um Nestún.
 - j. Umferð um Klapparstíg nýtur aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Strandgötu.
 - k. Umferð um Strandgötu hefur forgang á umferð um á aðliggjandi götum sunnan Klapparstígs.
 - l. Umferð um Kirkjuveg hefur forgang á umferð um Kirkjuhvammsveg
 - m. Umferð um Kirkjuhvammsveg hefur forgang á umferð um Laufásveg
 - n. Stöðvunarskylda er á:
 - i. Gatnamótum Lækjargötu að Hvammstangabraut.
 - ii. Gatnamótum Lækjargötu að Brekkugötu.
 - iii. Gatnamótum Hlíðarvegs að Norðurbraut
 - o. Biðskyldu- og stöðvunarskyldumerki skal setja upp samkvæmt ofanskráðu.
2. Einstefnur
 - a. Í Fífusundi er einstefna til norðurs.
 - b. Á Mánagötu er einstefna til norðurs.
3. Bifreiðastöður
 - a. Á Hvammstangabraut og Norðurbraut eru bifreiðastöður bannaðar.
 - b. Á Strandgötu frá Húnabraut að Klapparstíg eru bifreiðastöður bannaðar
 - c. Bifreiðastöður vöruflutningabifreiða og stærri bifreiða/hengi og tengivagna eru bannaðar í Mánagötu og í Fífusundi.
 - d. Bifreiðastöður skólabíla þó eru leyfðar í Fífusundi á sérmerktu bifreiðastæði.
 - e. Bifreiðastöður eru bannaðar að austan verðu á Höfðabrautar frá Lækjargötu að Veigastíg.
 - f. Stöður vöruflutningabifreiða svo og stærri bifreiða og stærri vagna eru bannaðar í íbúðarhverfum nema til losunar og lestunar.
4. Hámarkshraði
 - a. 50 km hámarkshraði er á eftirtöldum götum:
 - i. Hvammstangabraut, Norðurbraut, Kirkjuhvammsvegi, Laufásvegi, Eyrarlandi, Búlandi og Höfðabraut sunnan Brekkugötu
 - b. 30 km hámarkshraði er á öllum öðrum götum á Hvammstanga
5. Annað
 - a. Umferð á Spítalastíg frá Nestúni að Strandgötu er takmörkuð á tímabilinu 22:00 til 07:00.
6. Umferðarhraðamerki
 - a. Aðeins er nauðsynlegt að setja 30 km hámarkshraðamerki á gatnamótum þar sem ekið er inn í 30 km hámarkshraða svæði. Þar skal setja umferðarmerki og merkja götu.
 - b. Umferðarmerki skal setja upp samkvæmt ofnaskráðu.

Með þessarri samþykkt eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Hvammstanga sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Laugarbakki.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar í Húnaþingi vestra eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Laugarbakka:

1. Aðalbrautarréttur stöðvunarskylda og annar umferðarréttur
 - a. Umferð um Miðfjarðarveg nýtur aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi götum og stígum.

2. Bifreiðastöður
 - a. Stöður vöruflutningabifreiða svo og stærri bifreiða og stærri vagna eru bannaðar í íbúðargötum nema til losunar og lestunar.
3. Hámarkshraði
 - a. Á Miðfjarðarvegi er 50 km hámarkshraði
 - b. Á öðrum götum og stígum er 30 km hámarkshraði.
4. Umferðarmerki
 - a. Umferðarmerki skal setja samkvæmt ofanskráðu

Með þessari samþykkt eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Laugarbakka sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Reykjatangi við Hrutafjörð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar í Húnaþingi vestra eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Reykjatanga við Hrutafjörð:

1. Aðalbrautarréttur stöðvunarskylda og annar umferðarréttur
 - a. Umferð um Reykjaskólaveg viku fyrir umferð um þjóðveg 1 en hefur forgang á gagnvart umferð um aðrar götur
2. Hámarkshraði
 - a. 50 km hámarkshraði er á Reykjatanga nema á Skólavegi þar er 30 km hámarkshraði
3. Umferðarmerki
 - a. Umferðarmerki skal setja samkvæmt ofanskráðu.

Með þessari samþykkt eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Reykjatanga við Hrutafjörð sem brjóta í bága við samþykkt þessa. Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:40

Guðný Helga Björnsdóttir (sign.),
Elín R. Líndal(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.).
Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).